

Hópuppsagnir í desember 2021 og á árinu 2021

Hópuppsagnir í desember 2021


Engar tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember.

Tilkynningar á árinu 2021

Á árinu 2021 bárust Vinnumálastofnun 9 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem 497 manns var sagt upp störfum.

Flestir misstu vinnuna á árinu 2021 í flutningum eða 253, í fiskvinnslu 84, í sérfræðistarfsemi 57, í fjármála og váttryggingastarfsemi 55 og í verslun 48.


Mynd 1
Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2021



Um 77,5% tilkynnta hópuppsagna á árinu 2021 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 10,5% á Suðurnesjum, 6,4% á Vesturlandi, og 5,6% á Norðurlandi eystra.


Mynd 2 hér að neðan sýnir skiptingu tilkynnta hópuppsagna á landshluta.

Mynd 2
Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2021



Á mynd 3 má sjá að 469 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2021 komu til framkvæmda á því ári en 28 hópuppsagnanna á árinu 2021 koma til framkvæmda á árinu 2022.

Mynd 3
Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2021 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2021 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2021 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	0	0%	0	0%
feb	287	57,7%	2	22,2%
mars	0	0%	0	0%
apríl	55	11,1%	1	11,1%
maí	0	0%	0	0%
júní	62	12,5%	2	22,2%
júlí	14	2,8%	1	11,1%
ágúst	65	13,1%	2	22,2%
sept.	0	0%	0	0%
okt.	0	0%	0	0%
nóv.	14	2,8%	1	11,1%
des.	0	0%	0	0%
<i>Alls</i>	<i>497</i>	<i>100%</i>	<i>9</i>	<i>100%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2021

Alls komu 875 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2021, 469 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2021 og 406 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2020. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2021.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2021 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2020 og á árinu 2021



Hópuppsagnir síðustu ár

Samtals hefur 21.846 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á tímabilinu 2008 til 2021. Flestir misstu vinnuna á árinu 2020 eða alls 8.789 manns og á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2021.

Mynd 5
Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2021

